

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu.

Breyting á deiliskipulagi Lambatanga, Flúðum.

Í breytingunni felst að afmörkun svæða fyrir skeiðbraut og reiðvöll annars vegar og athafnasvæði/bílastæði hins vegar verður breytt og byggingarreitur reiðhalla verður færður um 20 metra til suðurs. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. júní 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2008